

**Nd. 267. Frumvarp til laga [127. mál]**

um breyting á lögum nr. 23 28. marz 1947, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

**1. gr.**

Upphaf 3. efnismálsgr. 1. gr. laganna orðist svo:  
Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrir fram.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

**Greinargerð.**

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt ósk heilbrigðismálaráðuneytisins, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um að fylgja brtt. við það.

Frv. er samið af landlækni fyrir tilmæli ljósmæðrasamtakanna, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Laun ljósmæðra utan kaupstaða hafa jafnan verið greidd á manntalsþingi, enda hafa lengstum ekki verið hærri en svo, að ársþóknunin hefur ekki verið til skipta. Eftir að ljósmæðralaun hafa verið hækkuð svo að nokkru nemur, þykir ljósmæðrum skipta máli að fá þau greidd í líkingu við það, sem tíðkast um launagreiðslur annars fastlaunafólks ríkisins, enda verður það að teljast sanngjarnt.“